

öflugir, eins og t. d. söfnuðirnir í Seattle, Portland, San Francisco, Berkley (Cal.) o. fl. Þetta sýnir að únítarískar trúarskoðanir eru ekki á neinn hátt takmarkaðar við einn hluta landsins og ástandið þar, heldur eiga fyrir höndum að útbreiðast um alla Ameríku.

---

Á þessu ári hefir fyrsta alvarlega tilraunin verið gerð til að flytja enskumælandi fólki í Vestur-Canada únítarískar trúarskoðanir. Séra Frank W. Pratt dvaldi hér í Winnipeg og endurreisti hér söfnuð, sem áður var til að nafninu. Sá söfnuður er nú þegar orðinn all fjölmennur og ráðgerir að byggja kyrkju innan skamms. Núverandi prestur hans er William A. Vrooman, áður prestur við kongregazional kyrkju hér í bænum. Séra Pratt hefir, síðan hann fór héðan, heimsótt marga bæi í Vesturlandinu, en er nú seztur að í Calgary, þar sem hann býst við að dvelja um sex mán. tíma til að koma á fót söfnuði. Oss íslenskum únitörum er mikil hjálp að því að skoðanir vorar nái sem mestri útbreiðslu á meðal hérlands fólks og ættum vér að styðja að því eftir megni með samvinnu og þeirri hjálp, sem vér getum í té látið.

---

Séra Charles W. Wendte, einn af starfsmönnum Ameríska Únítarafélagsins fór til Norðurálfunnar í sumar til að undirbúa fimta alþjóða þing únítara og annara frjálstrúarmanna, sem á að haldast í Berlín á Þýzkalandi næsta sumar. Hann fór, í undirbúnings erindum, til sjö landa og hélt undirbúningsfundi með frjálslyndum mönnum, sem vildu styðja fyrirtækið. Viðtökurnar voru alstaðar hinar beztu. Í Lundúnum t.d. lét séra R. J. Campbell í ljósi, að hann væri fyrirtækinu hjartanlega hlyntur og stakk uppá að næsta þing yrði haldið í kyrkju sinni (The City Temple). Einsog kunnugt er hafa fjórir samskonar fundir verið haldnir áður, hinn síðasti í Boston 1907. Ekki þarf að efa að sá næsti verði í alla staði jafn þýðingarmikill og þeir fyrri, því á Þýzkalandi er mikið mannval og mikið um frjálslyndi á meðal hins bezt mentaða hluta þjóðarinnar.